

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



ÚR HRAFNKELSDAL.

Hrafnkell Freysgoði "kom út síð landnámatíðar" segir Landnáma, nam hér land, hófst til mannvirðinga og var lengi í tölu mestu höfðingja á Austurlandi. Segir Hrafinkelssaga hann hafa verið ójafnaðarmann á yngri árum, en "skipan komizt á lund hans" síðar. "Hafði hann ina sömu skapsmuni um gagnsemd og risnu, en miklu var maðurinn nú vinsælli og gafari og hægri en fyrr at öllu.

Hrafinkelssögu telur hinn ágæti norski fræðimaður Knut Liestöl sannsögulega í flestum atriðum, og nú nýlega hafa Svíar gefið Íslendingum sverð það sem menn ætla að Hrafnkell hafi átt.

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfstöðum, Borgarfirði

FUNDARGERÐIR

Félagsfundur 31. marz '71 að Álfrólsvégi 121, á 99 ára afmæli Helga Pjeturss. Formaður setti fund kl. 9.15 og bað Ingvar Agnarsson lesa eitthvað eftir H.P. Ingvar las "Mannkynssagan og hin mikla breyting". Sveinn Haraldsson las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Sveinbjörn Þorsteinsson og Páll Steinarsson sögðu frá tilraun með gerfrumur, sem þeir og fleiri eru að gera undir leiðsögn Þorsteins Þorsteinssonar. Þorsteinn Guðjónsson sagði frá því að hann hefði átt tal við rektor háskólans, Magnús Mál Lárusson. Var hann vinsamlegur og virtist fylgjast vel með svokölluðum E.S.P. tilraunum, og skráði hjá sér að viðtal þetta hefði farið fram. Einnig töluðu þeir Þ.G. og Ingvar Agnarsson við Símon J. Ágústsson, en fannst hann áhugalítill. Send var afmæliskveðja til Helga Pjeturss með einnar mínútu þögn.

Þá var kosið í nefndir. Í tilraunanefnd: Haukur Matthíasson formaður og Páll Steinarsson og Elsa Vilmundardóttir. Í fræðslunefnd Sveinbjörn Þorsteinsson formaður, Kjartan R. Kjartansson og Helgi Guðlaugsson. Formaður bar fundarmönnum kveðju frá Áshildi Öfjörð í Fljótum og ítrekaði þá ósk hennar að félagsmenn kæmu norður. Var samþykkt að stefna að því að heimsækja hana í júní.

Þ.G. las síðan ritgerð Jakobs Línadal um jarðfræði Helga Pjeturss. 14 manns sátu fundinn.

Fundi slitið kl. 11.

Fundur í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 5. maí '71 að Álfrólsvégi 121.

Formaður setti fundinn kl. 9.15 og ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Sig. F. Ólafsson las upp umsóknir um upptöku í félagið.

Atli Hraunfjörð, Smáratúni 39, Keflavík.

Sigríður Guðmundsdóttir, Smáratúni 39, Keflavík.

Gunnar Möller, Hafnargötu 20, Siglufirði.

Húnn R. Snædal, Espilundi 13, Akureyri.

Voru þau öll samþykkt sem félagar.

Þorsteinn Guðjónsson las greinina Þjóðarrannsókn úr Nýal, síðan bar hann upp tillögu að Félag Nýalssinna gerðist styrktaraðili að hinu íslenzka mannfræðifélagi og gæfi því 1000,- kr. eða meir eftir því sem safnaðist. Var þetta samþykkt og söfnuðust þegar 1000,- kr.

framh. á bls. 19

FORMÁLI

Það hefir nú um skeið fallið niður hjá mér að semja formála eða eftirmæli þess, sem birzt hefir í hverju hefti félagsblaðsins fyrir sig. En að ég fer nú enn einu sinni að semja slíkt, stafar mest af því, að ég vildi þar færa þakkir nokkrum Nýalssinum, sem á síðastliðnu vori tóku okkur Áslaugu með sér í skemmtiferð alla leið norður í Fljót í Skagafirði. Og ekki síður vildi ég hér þakka móttökur og gistingu þar nyrðra hjá þeim Áshildi og Valberg að Nýrækt. Var hvort tveggja þannig, ferðin og dvölin þar, að gott efni væri til frásagnar, þótt ekki verði það rakið í þetta sinn. En til minningar um þann spöl, sem við fórum þarna lengst norður, en það var frá Nýrækt til Siglufjarðar nóttina 18. til 19. júní til að sjá sólina á leið sinni austur yfir, vil ég að á eftir formála þessum birtist hér kvæði, sem Áshildur flutti okkur þá og söng nokkurn hluta þess undir lagi, sem hún sjálf hafði samið. Var það á þessari leið, sem á ýmsan hátt varð mér hin ógleymanlegasta í ferðinni, að farið var fram hjá Hraunum í Fljótum, þar sem Guðmundur Davíðsson skrifaði ósjálfrátt rit sitt Íslendinga- byggð á öðrum hnetti, og skildist mér þar nú nokkuð, sem ég hafði ekki hugsað út í áður. Hraun í Fljótum, eins og víst Hraun í Öxnadal, á ekki skylt við eldgos, heldur er þar einungis um að ræða grjótruðning úr fjöllum ofan, og það sem nú rann upp fyrir mér, var á þá leið, að Jónas Hallgrímsson hafi fyrir að muna eftir þessu tekið það fram í sínu þjóðkunna kvæði, að Þingvallahraun væri eldhraun, "Hátt á eld - hrauni uppi", segir hann þar. Og þá hverf ég frá þessari ferð okkar, sem mér finnst nú, að gaman væri að rifja upp frá upphafi til enda, og sný mér að efni blaðsins, sem ég sé þó ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um.

"Ég hefi ekki fyrir mér hina gáfulegu grein Hohlenbergs um Nostradamus, en mig misminnir það held ég ekki, að spádómur Nostradamus um merkilega breytingu til batnaðar eigi við árið 1921", Þannig segir á einum stað í Nýal, ritgerðinni Stjörnulíffræði, en þó að slík breyting yrði þá ekki á neinn sýnilegan hátt, þá þykir mér dálítið gaman að minna á þetta vegna þess sem ég segi frá í grein minni um, Sumur in 19 - 21 og 71. Og þó að enn hafi heldur ekki á þessu núlíðandi ári nein slík umskipti orðið, sem ég tala um þar, þá gæti þó meðal annars verið nokkuð í þá átt,

þetta, sem Þ.G. ræðir um í hinni fróðlegu grein sinni um nýjan fund reikistjörnu og þá ef til vill líka hitt um aldur Esjunnar.

- Greinar mínar, Ekki yfirskilvitlegt og Hið skiljanlega og hið óskiljanlega, birtust áður í Alþýðublaðinu, en vegna þess, að ástæða kynni að vera til þess að minna á það einnig í félagsblaðinu, að í rauninni er ekkert óskiljanlegt nema hið óraunverulega og ranga, læt ég þær einnig birtast þar. Og þá er ég kominn að tali hins látna stjórnámamanns, sem Sveinn Haraldsson skrifaði upp jafnóðum og það talaðist hjá honum, og því, sem ég nefni Að handan, og læt ég þá lokið þessum formála án þess að reyna að bæta þar neinu við.

D.J.

Úti við yztu brún
eldlegum bjarma slær.
Lengra en ég litið fæ
logar hinn víði sær.
Greipt er í gullið traf
Grímsey við himinrönd
Höfug um helga nótt
hvíla hin dökku lönd

Bregður nú blundi jörð
Birtir um tind og hól.
Hægt upp á himindjúp
hefur sig morgunsól.
Anga hin ungu blóm,
anda guðs þakkargjörð
Allt sem ég fegurst finn,
fegrar nú Ólafsfjörð.

Rís nú í roðans hjúp
röðull við gullin ský
Hæg yfir hafsins djúp
hefur hann göngu á ný
Sjá, meðan svefnug jörð
sefur og allt er hljótt,
rennur í drottins dýrð
dagur um miðja nótt.

Ó, þú hin milda mynd,
máttug og töfrasterk
Aldrei mitt auga leit
áður slíkt dýrðarverk.
Gefur hinn glæsta sýn
gleði og nýjan þrótt.
Fegurð míns föðurlands
fundið ég hef í nótt.

Sindrar við sólgyllt haf
sól yfir norðurslóð..
Bregður um björg og hlíð
bjarma af dagsins glóð
Glampar á gömul þil,
geislar af hverjum bæ
Allsstaðar finn ég frið
fegurð og nýjan blæ.

SUMURIN 1921 og 1971.

Þó að það sé eingöngu varðandi sjálfan mig, þá get ég ekki látið ógert að minnst þess nú í félagsblaðinu, að á þessu sumri er hálf öld liðin frá því, að mér barst í hendur fyrsta hefti Nýals, Hið mikla samband, en eins og ég hefi getið um áður, þá urðu hjá mér við lestur þess hin mestu tímamót í sögu hugsunar minnar. Áður hafði það að vísu ekki verið fjær mér en svo að hugsa til stjarnanna, að ég hafði stundum reynt að yrkja um þær og mikilleik geimsins. En nú varð mér við eins og himinn hefði opnast, og var þó ekki síður um að ræða skynjun til hins innra en til hins ytra. Aldrei hafði mér orðið það eins ljóst og við lestur þessarar ritgerðar, hversu takmarkið er það og hið eina rétta að verða hamingjusamur einungis af því að gera aðra hamingjusama, og hversu birtan og skilningurinn er hinn eini öruggi fyrirfari þess, að slík stefna verði hafin. Því réttara sem hugsað er, því öflugri verður viljinn til hins góða, og í ríki góðvildarinnar verður æ auðveldara að koma fram hinni réttu hugsun. Og að ég er nú að minnst þessara tímamóta, er ekki einungis vegna hinnar hálfu aldar, sem liðin er frá þeim, heldur einnig af því, að þessi sumur, 19 - 21 og 71, virðast mér um margt vera ástæða eða lík. Eins og mig minnir að þá væri, hefir nú margur dagur verið hinn fegursti svo að fágætt má kalla, og þegar ég nú er að skrifa þetta sunnudaginn 8. ágúst 1971, þá minnst ég þess að það var einmitt sunnudaginn 8. ágúst 1921, að ég sat við að yrkja þetta kvæði, sem ég get um í upphafskafla Tunglgeisla minna, og sem var mér þá, þrátt fyrir það að verða einungis vansmið, eins og sólskin í huga. En hvort skortir þó ekki nokkuð til á þessu góða sumri 1971, að það hafi orðið mér fullkomlega ástætt sumrinu 1921? Enn get ég sagt, að við mér blasi hið sama og fyrst blasti við mér fyrir nákvæmlega 50 árum. Í 50 ár hefir mér verið ljóst hið mikla samband alls lífs í alheimi, og er ekki ofsagt, að það hafi verið mér meira virði en allt annað. Sannindi þau, sem þar er um að ræða, hafa verið mér leiðarljós í hálfu öld og hefir svo fjarri farið því, að þau skíni mér enn ekki jafn skært og í fyrstu, að margt blasir þar nú við mér skýrar en áður. En "skilningstréð er ekki lífsins eik", hefi ég séð haft eftir Byroni skáldi, og hefir svo löngum reynst þeim, sem bezt voru vitandi og sjáandi á þessum stað þoku og öfughyggju, sem jörðin er. Og þetta er nú það, sem ríkir nokkurnveginn eins og það ríkti fyrir 50 árum. Á öllum öldum hefir hin ríkjandi heimska komið einna harðast niður á þeim, sem næst fóru hinu rétta í hugsun og öðru, og mun svo jafn-

an verða, meðan hið rétta verður ekki þegið. Og það sem nú verða mætti mér fullkomlega ástæði þess, sem mér veittist sumarið 1921 og kom mér þá eins og sólarupprás, væri að slíkt hið sama rynni skyndilega upp fyrir öllum þorra manna á jörðinni.

Það atvikaðist svo mjög skömmu áður en ég fyrst las "Hið mikla samband", að ég var á ferð í þoku ásamt nokkuð mörgu fólki, og mun ég hafa getið þessa atviks áður. Fóru þá einhverjir að tala um, í hvaða átt vegurinn lægi, sem farinn var. Töldu flestir eða allir, sem þátt tóku í þeirri umræðu, að hann lægi þvert úr þeirri átt, sem ég vissi hann liggja, og stafaði slíkt af því, að þeir, sem bezt var treyst til að vita þar hið rétta, héldu þessu fram þegar í upphafi. Og nú hófst þræta um þetta þannig, að öllum, sem til sín létu heyra, þótti sjálfsagt að vera á öðru máli en ég. En þegar sú þræta stóð sem hæst, brautz sólin allt í einu gegnum þokuna og sannaði mitt mál. Og slíkt er nú það, sem þyrfti að eiga sér stað, svo að þessi tvö umræddu sumur yrðu mér ástæð. Gerðist nú eitthvað það fyrir aukið aðstreymi lífs og vits, sem jafn ómót-mælanlega sannaði öllum þorra manna hinn nýalska málstað eins og þegar sólin eyddi þarna þokunni forðum á mjög skömmum tíma, þá mundi það verða mér slíkt, sem ég að öðrum kosti vænti ekki fyrr en að leiðarlokum.

D. J.

NÝFUNDIN REIKISTJARNA.

Nýfundin kvað vera reikistjarna í nánd við sólu, innan við braut Merkúrs og eru þetta allmerk tíðindi í stjörnufræði og allri eðlisfræði. Meðalannars og ekki hvað sízt, vegna þess að ef rétt reynist, þá hnekkir þessi staðreynd að sínum hlut því sem talið var vera undirstöður kenningar Einsteins. Óreglan á göngu Merkúrs, sem kunn er og talin var stafa af hinni einsteinsku óreglu á þyngdarlögmálinu, gæti þá einfaldlega átt rót sína að rekja til áhrifa þessarar litlu stjörnu "Vúlkans" sem Leverrier hafði reiknað út að til myndi vera, á sama hátt og hann reiknaði út stöðu Neptúns áður en hann fannst.

Það er í þessu sambandi dálítið fróðlegt að rifja upp uppgötvana-sögu reikistjarnanna. Frá fornu fari voru þekktar: Merkúr, Venus, Mars, Júpíter og Satúrnus og svo jörðin eftir að menn skildu að hún er ein í þeirra tölu. En áður voru sólin og tunglið talin til reikistjarnanna.

Árið 1781 bættist sjöunda reikistjarnan við. Var það W. Herschel, sem þá var nýlega kominn til Englands og hafði gert sér sjónauka betri en áður höfðu þekkt, sem stjörnuna fann og skildi að reikistjarna mundi vera. Kallaði hann til konung og hirðina til að horfa í sjónaukann, en Georg III og hirðfólkið allt kom út til að skoða og fannst mikið um. Herschel nefndi stjörnuna "the Georgian" eftir konungi, en það nafn vildi ekki við hana festast og varð gríska goðafræðin yfirsterkari með nafni Úranusar.

Um 1830 fór Arago og fleiri að gruna að óregla á göngu Úranusar myndi stafa af áhrifum ófundinnar reikistjörnu. Leverrier (franskur) og Adams (enskur) reiknuðu út mismuninn, en slíkt var hægt að gera mjög nákvæmlega út frá lögmáli Newtons og með hjálp þroskaðrar stærðfræðilistar. Báðir fengu því sem næst sömu niðurstöðu um það hvar leita skyldi hinnar ókunnna stjörnu, en sá var munurinn, að Adams fékk dræmar undirtektir meðal samlendra stjörnufræðinga, og var seint farið að öllum athugunum. En Leverrier sendi sínar niðurstöður til Berlínar og það Þjóðverjana að gá að stjörnunni og fannst hún í sömu vikunni. Var þetta viturlaga gert af Leverrier, því jafnan má búast við tregðu heima fyrir, og varð hróður hans og franskra vísinda engu minni fyrir það að þýzkur maður eignaðist hlutdeild í sigrinum (1846). En þetta var frægur sigur í sögu vísindanna, því að hér hafði lögmál aðdráttar-sambandsins sannað gildi sitt næsta ápreifanlega. Áttunda reikistjarnan var fundin og hlaut hún nafnið Neptúnus.

Leverrier, sem síðar eignaðist fyrir nemanda hinn ágæta Flammaríon eins og fram kemur í Úraníu, - hélt nú áfram á sömu braut og fann eftir sömu aðferð, ákveðnar bendingar um það að lítil hnöttur í nánd við sólu mundi trufla göngu Merkúrs. Vegna sólnáandar Merkúrs var hér erfiðara um athuganir en gagnvart hinum ytri reikistjörnum, en Leverrier taldi víst að stjarnan myndi finnast fyrir eða síðar, kenndi hana til elds og hita og gaf henni nafnið Vúlkan eða Vúlkanus. En áratugir liðu án þess að nokkur slík stjarna fyndist og þegar afstæðiskenningin var komin fram, var sagt að mismunurinn gengi alveg upp í henni, og þyrfti því ekki að leita meir að stjörnu Leverriers.

Þegar Einstein kom fram með kenningu sína árið 1905 varð undir-eins uppi fótur og fit í mannheimi. Allir héldu að eitthvað mjög merkilegt hefði fundið verið, og sjálfur er ég ekki í vafa um að verið var þar í námunda við einhver mjög merkileg sannindi, sem biðu uppgötvunar. "Liðin og ókomin tíð fannst mér vera sem aðrir staðir í rúminu" segir "fákænn íslenskur sveitamaður" sem svo

hefur nefnt sig, og byggir þar á samskonar hugsanagangi og hugar-
ástandi og því sem leiddi til afstæðiskenningarinnar. En með því
er ekki sagt að með þeirri kenningu hafi náðst nokkur hrein útsýn
eða framsækin vísindastefna. Áhuginn á að hefja Einstein til skýj-
anna var frá fyrstu byrjun of geystur, og þar sem við enga raun-
verulega heimspeki var þarna að styðjast, varð úr þessu marg-
víslegur misskilningur og skal hér nokkuð af því talið;

1. Trúin á "Fjórðu vídd" sem er misskilningur á þeirri yfir-
sýn um tímann sem einnig kemur fram í orðunum "sem
aðrir staðir í rúminu" hér að ofan. Dultrúarmenn gerðu
sér af fjórðu víddinni leynilegan heim, eða af þeirri fimmtu,
sjöttu eða níundu, sem þeir einnig notuðu til þeirra hluta.
2. Að hægt sé að fara út úr tímanum og koma aftur á undan
sjálfum sér. Þessi klausa hafði mikið dálæti af ýmsum um
1950 - 1960, en þegar geimferðir hófust datt botninn úr
þeim bollaleggingum.
3. Að ljósið fari í hring og komi aftur úr þveröfugri átt. Á
þessa hugmynd sína trúði Einstein sjálfur um tíma, en nú
heyrir hún aldrei nefnd.
4. Að "hlutfallið milli rúmsins og tímans" væri fundið og væri
"kvaðratróttin af mínus einum". Á þessa útskýringu, sem
fram kom í upphafi einsteinskunnar, trúðu fáir til lengdar.
5. Trúin á takmörkun alls hraða við ljóshraðann og þar með
einangrun jarðarinnar frá öllum öðrum jörðum og ómöguleika
stjörnusambands. Þetta var það sem kallað var
Einsteins-staðhæfingin (das Einstein- Postulat, Einstein's
postulate) og vissu eðlisfræðingar jafnan að slíkt var aðeins
sett fram að eigin vild, án nokkurrar sönnunar. Síð á milli
töluðu þeir um þetta sem "þægilega" undirstöðu til að byggja
vísindakerfi á. En ef einhver spyrði hversvegna þeir hafi
ekki athugað sannleiksgildi fullyrðingarinnar, áður en þeir
fóru að byggja á henni eða það hvort hið gagnstæða kynni
nú ekki að vera rétt, þá er því til að svara að hugsunin um
íbúa annarra stjarna og sambönd við þá, hefur sjaldnast
átt miklum undirtektum að mæta meðal þeirra sem bezta
aðstöðuna hafa átt hér á jörð. Fylgismenn Einsteins höfðu
engan áhuga á sambandi við aðra hnetti eða sannri upp-
lýsingu, var þar valdabrask á bak við, sem stóð að hinni
skjótu og ótrúlegu upphæfð hans, sem mjög var ólík því sem
sannir brautryðjendur hafa oft mátt reyna. En nú þegar

kerfi hans er að bila (Kvasar-vestrarbrautir o.fl.) má vera að það vald sjái fram á endalok sín.

"Sönnun fyrir afstæðiskenningu" var skekkja í göngu Merkúrs lengi kölluð. En stafi hún frá áhrifum smáhnattar í grennd við sól, eins og í fyrstu var talið, þá hefur sú sönnun aldrei verið eins áreiðanleg og látið var í veðri vaka, eða réttara sagt: úr lausu lofti gripin.

Þ.G.

ALDUR ESJUNNAR

Ekki þykja mér önnur tíðindi merkilegri úr jarðfræðinni en þau, að fundið er nú að Esjusvæðið - þ.e. fjöllin frá syðri brúnum Esjunnar og væntanlega allt til Hvalfjarðar - er allt yngra en 3ja milljóna ára, þ.e. skapað á Ísaldaskeiðinu. Kristján Sæmundsson heitir jarðfræðingurinn sem þetta hefur fundið og mæli hann allra drengja heilastur.

Ég hef á undanförunum árum, stundum verið að virða fyrir mér úr áætlunarbilnum Múlafjall í Hvalfirði, og aldrei getað látið mér annað skiljast en að vera muni frá Ísöld. Og þar sem svo hið sama kemur ótvírætt í ljós á suðurhlið Esjunnar, þar sem að aðeins elztu og neðstu lögin bera á sér tertíeran svip, lá sú hugsun nærri, að meginhluti fjallsins alls og fjöllin að baki hefðu einnig þennan aldur.

Enginn má halda, að ég sé með því að segja frá þessum hugleiðingum á nokkurn hátt að eigna mér það sem jarðfræðingar hafa gert, en hins vegar er þetta dálítið dæmi þess, að með skynsamlegri hugsun má fylgja nokkuð eftir þeim, sem sannir eru vísindamenn og ryðja braut hinu nýja. Og þegar svo hittist á að tveir eða fleiri hugsa um líkt leyti hið sama, án þess að hvor viti af öðrum, þá liggur nærri að hugsamband komi þar til greina.

Kristjáni Sæmundssyni er óhætt að veita athygli sem snjöllum og vaxandi náttúrufræðingi. Hann er brautryðjandi í því að glöggva skilin milli yngri og eldri blágrýtismyndunarinnar, en sú greining er meginatriði í Íslenskri jarðfræði, eins og vitað er. En tækist að rekja sögu yngri blágrýtismyndarinnar nokkurn veginn samfellt í Íslenskum jarðlögum, kynni það að hafa hina mestu þýðingu fyrir vísindin almennt. Í bók um frumsögu mannkynsins (The Evolution of Man) eftir D. Pilbeam, útgefinni í fyrra, er nálega auglýst eftir jarðfræðilegum upplýsingum frá Íslandi, varðandi Kvarter. Svo gæti farið, að Íslensk jarðfræði yrði til þess að stuðla að lausn gátunnar um uppruna mannkynsins.

FRAMLÆDINN, ÍSLENZKUR STJÓRN MÁLAMÁÐUR TALAR

Hinn framlædni stjórn málamaður, Bjarni Benediktsson, hefir á sambandsfundum í stjórnum sambandsstöðinni oftast en einu sinni látið til sín heyra. Áð kvöldi sunnudagsins 15. ágúst 1971, finn ég, sem ekki er fátítt, að samband leitar á, þar sem ég sit einn í herbergi mínu. Eftir nokkra stund kom fram á varir mínar, ósjálfrátt, nafnið Bjarni Benediktsson. Er hann hafði heilsað mér og látið í ljós ánægju sína yfir að komast í samband við mig, vék hann máli sínu að Helga Pjeturss og málefni hans, og virtist sem honum væri talsvert niðri fyrir. Og er ræðu hans var mjög skammt komið, datt mér í hug að reyna að skrifa niður hverja setningu fyrir sig, þó að það þýddi, að Bjarni yrði að gera hik á máli sínu á meðan. Og þetta tókst. Óðar en ég hafði skrifað niður eina setningu, hélt Bjarni áfram með þá næstu. Kemur hér svo það, sem hjá mér talaðist og ég skrifaði niður eftir Bjarna, og vona ég að það hafi orðast nokkurnveginn eins og til var stefnt af hans hálfu.

Bjarni Benediktsson talar: Sæll og blessaður, vinur. Gott að geta haft samband við þig. Áður gerðum við okkur ekki nógu vel ljóst málefni Helga Pjeturss. - (Hér byrjaði ég að skrifa niður S.H.). Stórmál mannkynsins alls er að veita uppgötvun Helga viðtöku, og þetta þarf að takast, - uppgötvun sambandsins hnatta á milli, sem treysta má fullkomlega. Ég segi sannleika um Helga uppgötvun. Reynast Helga uppgötvanir oss réttar mjög. Höfum slíka reynslu, að þessi uppgötvun hafi staðist. Um leið og Helgi verður rétt metinn, mun rætast spádómar. Göfugur er Helgi mjög og öðlingur, undraverður maður. Í bezta skilningi er hann mikilmenni. Einarðlega hefir Helgi haldið fram réttri þekkingu. Hugur verður betri og viðleitni, ef Helgi er rétt skilinn. Umræður allar verða betri og áleiðis stefnt til betra lífs. Möguleikar munu skapast á að öll stefna lífs á jörðinni verði leiðrétt. Neyta skyldu Íslendingar þess, að þeir eiga þess kost að verða leiðtogar mannkynsins. Er þetta ekki neitt orðagjálfur... Enn eru ekki málin metin sem skyldi. Bætir sá eigi um málin, er eigi er Helga vinur og fer eigi eftir hans ráðum... Og áreiðanlega er stuðlað að því, að Helgi verði metinn að verðleikum... Ég gæti sagt margt meira um, hve stórbýðingarmikið er að gefa meiri gaum að þessu stórmerkilega máli, og hve meira er um það mál vert en önnur. Ég er meir og meir að skilja stjórnum sambandið, lífsambandið í öllum myndum þess. Í þessum stuttlegu málsgreinum hef ég rætt nokkuð málið. (Ekki nógu skýrt, sem kom á

eftir). Ég segi ekki fleira nú, en reyni fljótlega að tala meira.
Þakka. Vertu sæll.

15. 8. S. H.

AÐ HANDAN

Í 19. hefti félagsblaðsins, des. 1967, birtust nokkrar spurningar og svör, sem fram höfðu komið á sambandsfundum félagsmanna, og var þetta skráð af Halldóri Halldórssyni arkitekt. Hér koma nú sem nokkurskona framhald af því nokkrir kaflar úr allmiklu safni, sem Elsa Vilmundardóttir hefir skrifað upp jafnóðum og það kom fram á tímabilinu frá 1. okt. 1970 til 10. júní 1971. Þykir mér rétt að geta þess hér, sem flestum félagsmönnum mun reyndar vera kunnugt, að sambandstilraunir þessar munu að ýmsu leyti vera með sérstökum hætti eins og t. d., að miðlar eru fleiri en einn, stundum jafnvel fjórir, og talast gegn um þá á víxl. Annað sérstakt er það að á fundum þessum er jafnan um sambönd að ræða við Æsi, en síður eða jafnvel aldrei hina kirkjulegu dýrlinga. Og ekki get ég nú stillt mig um að segja frá því, sem mér var sagt nú á stundinni áður en ég fór að skrifa þetta, og fer það hér á eftir:

Það má víst heita, að próf. Níels Dungal komi fram á hverjum sambandsfundi, og virðist það nú fyrst og fremst vera í lækningaskyni. En fyrst eftir að hann kom fram á annari jörð, voru honum, þrátt fyrir mikla löngun til að ná samböndum við eftirlifendur hér á jörðu, sem eins og möguleikar til slíks væru með öllu lokaðir. Hvar sem hann reyndi slíkt hjá andatrúarmönnum, var það árangurslaust, og var skýringin á því sú, að hann hafði einmitt verið mjög fjarri skilningi þeirra eins og yfir höfuð öllum trúarbrögðum. Dulrænskýringar voru honum víst fjarri, og er mér í minni fyrir-litningartóninn, sem hann lagði í orðið "röntgenaugu", sem hann tók upp eftir viðtalanda sínum, en samtal þeirra fór fram í útvarps-sal. Er mér nær að halda, að sá tónn hafi nægt til þess, að við-talandi sá, sem var kunnur guðfræðingur og dultrúarsinni, hafi aldrei haft það orð yfir síðan. En svo var það loks, að N. D. tókst að gera vart við sig hjá Nýalssinum þaðan sem hann nú var staddur meðal margra sinna líka á annari jörð.

Ég sagði hér að framan, að eftirfarandi kaflar úr safni E. V. yrðu framhald þess, sem H. H. hefði skrifað upp áður, og er það að vísu ekki alveg rétt. Auk greinar Sveins Haraldssonar hér að framan birtist í síðasta blaði frásaga látins prests, Jónmundar Halldórssonar, og er þar því einnig um að ræða fyrirfara kaflanna,

sem á eftir koma, og læt ég byrjun þeirra verða þar, sem sami prestur bætti við litlu síðar.

Að sjálfsögðu ber að hafa það í huga, að sambönd þessi eru, enn sem komið er, vanmáttugri miklu en þyrfti að vera, eins og svo berlega kemur fram í því, að oft verða, þegar einhver kemur fram í fyrsta sinn, örðugleikar á, að hann geti sagt til nafns síns. En þó þykir mér ástæða til að ætla, að það sem fram hefir komið, sé að mestu samkvæmt því, sem stefnt var til. Frá skynsanlegu sjónarmiði séð er eða getur ekki verið um annarskonar framlíf að ræða en líkamlegt líf á öðrum jörðum. Er mjög í samræmi við slíkt, sem einnig hefir komið fram hjá andatrúarmiðlum, að í framlífi séu menn oft eða jafnvel oftast ruglaðir í fyrstu vegna hinna röngu hugmynda, sem ríkt hafa um lífið eftir dauðann. Kom þetta fram í frásögn Jónmundar prests, og einnig í frásögn tveggja annarra guðfræðinga látinna. Sagði annar þeirra, að hann hefði í fyrstu verið alveg vitlaus og kenndi því um, hve hin fræðilega undirstaða sín hefði verið slæm. Hinn sagði á þá leið, að hann hefði búist við að lífið héldi áfram á alltöðrum grundvelli en honum hefði nú reynst, og hafði þau orð um sig, að enn væri hann þarna í framlífi sínu sem illa gerður hlutur, og skal nú loks byrja á hinum umræddu köflum:

(P. J.)

19. okt. Sigurður:

"Verra gat það verið, já, þetta var ekki sem verst. Já, jæja. Ég er nú að undirbúa mig að ná tókum. Já, jæja, vinir. Orka er bara mikil hjá ykkur nú. Jónmundur heiti ég. Sæl verið þið. (Þakka þér fyrir síðast). Ég þakka einnig. Þetta er ekki sem verst. Mjög gleður það mig, að ég skuli geta náð sambandi við ykkur, og margt vildi ég geta sagt ykkur. Ég var að vísu svolítið byrjaður þarna á Úlfsstöðum og vildi gjarnan geta þrjónað ofurlítið við það. Já, þetta er stórmerkilegt að hverfa frá ykkar hnetti og koma fram á öðrum, og undrun manns er svo mikil, þegar maður býst ekki við öðrum eins ósköpum. Jæja, ég sagði ykkur, hvernig ég kom fram, og einnig þegar ættmenni mín komu til mín, og var mér þá öllum lokið og hreinlega leið yfir mig, eins og ég sagði ykkur. Ég rankaði við mér þar sem ég var kominn í sjúkrahús og var þar góðan tíma. Ég tók skjótum framförum, efldist mjög að kröftum. Svo þegar þessir góðu herrar töldu mig hafa náð allsæmilegum kröftum, var mér fylgt í mjög lítið, snoturt hús og sagt ég mætti hafa það til minna nota. Nú vænkaðist hagar strympu, jahá. Nú gat ég farið að skoða mig um. Ég gekk fyrst af öllu eins og góðum sveitamanni sæmir kringum hús mitt og

gætti vel að öllu. (Gekkstú rangsælis eða réttisælis?) Það skiptir nú ekki svo miklu, hvort maður gengur til hægri eða vinstri, en þarna var mjög fallett um að litast. Garður mjög þrúður og vel hirtur. Skrautblóm hér og hvar mjög smekklega fyrirkomið. Einnig voru matjurtagarðar. Grasfletir voru þarna, og eins og ég sagði allt mjög snyrtilegt og fallett svo ég hafði aldrei augum litið slíkt. Nú tók ég lífinu með ró og naut þess, hve vel fór um mig. - Halda skulum við áfram. Já, nú fóru hinir og þessir að birtast hjá mér, í stutta heimsókn, og þótti mér með furðu mikilli, hve margir ættmenn mínir voru, og það undarlega skeði, að ég kannaðist við hvern einn, þótt ég hefði eigi séð þá áður, og þá er ég þóttist þekkja frá hnetti mínum gamla, en voru svo breyttir, að þess vegna hefði ég ekki átt að þekkja þá. En einhvernvegin kom mér í hug umhvern einn, hver hann var. Jæja, þetta tók nú allt sinn tíma og leið mér mjög vel og ég tók miklum framförum. (Varstu einn í húsinu?). Til að byrja með. Nú undi ég mér ekki lengur að skemmta mér við þetta og vildi sjálfur fá eitthvert starf. Ekki stóð á því, að hægt væri að útvega mér eitthvað, sem hæfði mér. Ég sem sagt var látinn í sveit manna, sem höfðu það að vinnu að taka á móti nýjum innflytjendum, og líkaði mér það allvel, og lærði ég mjög margt á því að starfa með þessum vinum mínum. Eitt þótti mér stór undur. Þegar þurfti að leggja sig allan fram, þá fann ég ekki betur en að afl hinna væri jafnframt í mér, og undraðist ég það mjög. Þessu hafði ég aldrei kynnst áður, sennilega vegna þess, hve máttur manna á ykkar hnetti er margfalt minni. Jæja, ekki veit ég, hvort ég má tefja miklu lengur, (Ertu enn í litla húsinu?) Nei, ég þurfti að fá stærra hús og vera þar með mínum (Er það skammt frá?): Það er ekki langt frá þeim stað, sem mér var fyrst fenginn til húsetu. (Ertu á víðlendi eða í dal?): Eins og ég sagði, veit ég ekki, hvort ég má tefja lengur. Svo margir óska eftir að komast í samband ykkar. En ég mun halda áfram með sögu mína, þó að í bútum verði. Svo þakka ég. Þið verðið að lofa því að halda áfram á sömu braut. Verið sæl.

Sambandsfundur 2. jan. 1971.

Miðlar: Sveinn - Sigurður.

Maður íslenzkur. Man ævi á ykkar hnetti. Ördugt að rifja nú upp í sambandi þessu eins og ástæður eru á ykkar jörð. Vandasamt að koma hingaðupplýsingum frá öðrum jörðum, þó að hugur sé mikill á því. Mjög oft eins og slíkt eigi ekki greiðan aðgang, þar sem skilyrði eru ekki nægjanlega fullkomin. Ég vil þó vona

að þið munið... Íslenzkur, framliðinn vinur. Átti heima í Reykjavík. (Ertu löngu farinn?) Nei þó ekki alveg nýlega. Ég hefi skammast mín. (Ég skrifaði ekki næsta hluta samtalsins niður orðrétt, en aðspurður svaraði því, að hann hefði þekkt rit Helga Pjeturss, en borið illan hug til hans). (Eru innan við 10 ár síðan þú fórst?) Já (Guðspekingur?) Já (Gretar Fells?) Já. (Var það nýlega, að þú skammaðist þín?) Fyrir skömmu. Ég á honum (H. P.) mikið að þakka fyrir góðvild hans. Þegar ég komst á annan hnött, var ég að reyna að athuga umhverfið, og hugsaði fyrst, að ég hefði ekki séð það í minni líf..."

Horfði ég mjög til umhverfisins. Sá það skýrt, að það var að mörgu leyti mjög líkt og á stjörnunni, sem ég hafði verið á, en þó ekki skemmtilegt (Var ekki bjart?) Umhverfið var að mörgu leyti svipað. Húsin þarna byggð á svipuðum stíl og eins og ekki skemmtileg áhrif í þeim, sem streymdu af þessu umhverfi. Horfið ég undrandi, þegar maður gekk að mér sem ég sá, að var mér kunnugur. (Hver var það?) Það er nú það. (Er hann íslenzkur?) Ég svara neitandi. (Danskur?) Mjög er það ekki skemmtilegt að tala um þann mann, en einhverntíma verð ég þó að gera það. (Eigum við að hlífa þér við því nú?) Já. (Ertu á öðrum hnetti?) Ég verð að segja að svo sé. Ég skal játa allt, góðir vinir. Þið hugsuð til mín á ýmsa vegu. Gott að hafa fengið tækifæri til að koma þessu fram og mun vonandi geta verið til einhvers góðs, að þetta kemur fram. Ég vona að geta sagt frá síðar ýmsu. Nokkuð langar mig til að geta talað um liðna ævi. Ég vona að geta það. (Hefir þú ort síðan þú fórst?) Það er lítið, sem ég hef hugsað um slíkt. Nokkuð öruggt að koma ýmsu í verk. Það verður vonandi auðveldara síðar. Vona ég eigi eftir að tala hér síðar við ykkur aftur og vil svo þakka. Verið sæl.

Framh. síðar.

EKKI "YFIRSKILVITTEGT"

Eins og kom fram í erindi því, sem Karl Sigurðsson kennari flutti í útvarp þann 3. des. sl., þá eru útlendir vísindamenn farnir að nálgast þann skilning á eðli drauma, sem íslenzkur vísindamaður var farinn að halda fram fyrir nálega 60 árum. Er það sá skilningur, að fjarhrif milli manna komi þar til greina, en hinn frægasti sálfræðingur aldarinnar, Sigmund Freud, fullyrti afdráttarlaust, að svo væri ekki "Die Telepathie hat mit dem Wesen des Traumes nichts zu tun," voru eitt sinn hans orð. En þó að loks sé nú farið að nálgast þessa íslenzku niðurstöðu, þá verður ekki

annað sagt en að hægt gangi, og sýnir það takmarkanir þessara útlendu athugana, að því skuli þar vera haldið fram, að hinn sofandi mann dreymi ekki nema stund og stund og alls ekki fyrr en nokkuð löngu eftir að hann er sofnaður. Hefðu þessir ágætu athugarar gætt nógu vel að eigin svefni og draumum og ekki aðeins einblínt á sofendurna, sem þeir höfðu til athugunar, þá hlytu þeir þegar að hafa komist að því, sem er, að draumur hefst undir eins og manni fer að renna í brjóst. Og þetta, sem hér ræðir um er fjarri því að vera neitt "yfirskilvitlegt", eins og mörgum hættir við að telja, því að þar liggur til grundvallar, þó að á öðru stigi sé, nákvæmlega hið sama og þar sem eru fjarflutningar útvarps í máli og myndum. Eins og þar er hér að sjálfsögðu um geislan að ræða, sem því aðeins kemur fram hjá viðtakanda, að hann sé stilltur til sama ástands og er hjá sendanda. Eru til mörg dæmi, sem sýna þetta ljóslega eins og t.d. það, hve fjarhrif eiga sér auðveldlega stað milli eineggja tvíbura, sem eins og vænta má eru jafnan sérstaklega eðlisástæðir.

Mig dreymir en ekki ég dreymi er hin íslenzka málvenja að segja, og er það í góðu samræmi við það, að á Íslandi skyldi það fyrst vera vitað, að hinn sofandi maður er ekki höfundur drauma sinna. Á Íslandi var það fyrst vitað, að draumur eins er ævinlega að undirrot vökulíf annars, og að sofandinn er því fyrst og fremst þolandi og þiggjandi. Og ef til vill hefir það mest verið vegna þess, hve mikla og furðulega útsýn þessi íslenzka niðurstaða veitir, að menn, og þá vitanlega fyrst og fremst Íslendingar, hafa verið svo tregir til að fallast á hana. En þar sem nú af mikilsvirtum, útlendum fræðimönnum er verið að mjakast í átt til hennar, þá kynni svo að fara, að íslenzkir fræðimenn sjái sér ekki annað fært en að gera hið sama.

P.J.

HIÐ SKILJANLEGA OG HIÐ ÓSKILJANLEGA

Ekki "yfirskilvitlegt" nefndi ég grein, sem ég skrifaði fyrir allöngu, og var það að vísu annar en ég, sem gaf henni það heiti. Í átt til niðurstöðu íslenzks vísindamanns hafði ég nefnt hana í fyrstu, og var það réttnefni, því að í henni var sagt frá nokkurri slíkri frammjökun. En með seinna heitinu var það hinsvegar undirstrikað, að hugsambönd og annað slíkt er ekki neitt yfirskilvitlegt eða óskiljanlegt, sem er miklu látlausara orð og betra. Og nú verður mér út frá þessu

greinarheiti hugsað, hvað það helzt muni vera, sem segja meg um, að sé óskiljanlegt, eða hvort nokkuð muni vera það.

Að sjálfsögðu þarf ekki að taka það fram, að margt muni það vera, sem í þessu ríki heimsku og illinda hefir ekki verið skilið, og er meira að segja líklegt, að fátt eða ekkert hafi verið skilið til fulls eða öðruvísi en að einhverju leyti rangt. Jafnvel þar, sem ekki væri verið á helstefnuleið, eins og hér er verið á svo margan hátt, mundu seint eða aldrei hætt að koma fram viðbætur skilnings, því að án slíkra framfara gæti hvergi verið um að ræða sama guðsríkisbraut. En hvernig mætti þó vera, að nokkuð sé óskiljanlegt? Er ekki sjálfsagt, að orsakir liggi til alls, og er það þá ekki jafnsjálfsagt, að allt hljóti að vera skiljanlegt? Raunveruleg fyrirbæri ættu ekki að geta átt sér stað öðruvísi en skiljanleg, og þó kemur það fyrir, að ég heyri sagt frá því, sem virðist vera alveg óskiljanlegt. Þannig heyrði ég einhverntíma í vetur sagt frá því í útvarpserindi, að sál eða vitund prests nokkurs, sem var að predika yfir söfnuði sínum, hafi um stund yfirgefið líkama sinn og séð sjálfan sig, þar sem hann eftir sem áður hélt áfram predikun sinni af stólnum. Ennfremur var það mér óskiljanlegt, sem í þessu sama erindi einnig var talað um, og ég reyndar hafði heyrt getið um áður, að fyrir það eitt að yfirgefa líkama sinn geti sál manna eða vitund orðið betur vitandi en ella, því að slíkur aðskilnaður gæfi vissulega enga ástæðu til slíks. Hitt er svo aftur á móti ekki óskiljanlegt, að hvort tveggja hafi getað átt sér stað hjá presti þessum og ýmsum öðrum, að hann hafi þarna séð sjálfan sig eins og um einhvern annan væri að ræða, og að hann þá um stund þættist verða betur vitandi en honum var eiginlegt. Til þess þurfti ekki annað en það, að hann hefði fengið þátt í skynjun einhvers, sem á hann horfði, meðan hann var að predika, og að þeirri samskynjan hefði að auki fylgt þátttaka í viti einhvers annars betur vitandi.

Það var lengi, að menn ekki skildu sólarganginn eða hvernig honum er varið. Menn héldu, að svo væri þar, sem þeim fannst eða sýndist, og hefði þó verið önnur villan frá og stórum verri, að ætla þar ekki vera um neina hreyfingu að ræða. Lausnin er aldrei falin í því að telja það blekkingu, sem raunverulega á sér stað. Og varðandi sólarganginn var lausnin heldur ekki á þann veg. Lausnin þar var það að uppgötva hreyfingu jarðarinnar og skilja, að þar eru rök sólargangsins. Og á líkan hátt er um sálfarirnar og annað slíkt. Lausnin þar er þetta, sem þegar hefir verið vikið að. Þátttaka í skynjunum annars og annara er það, sem þar kemur til greina, þó að hinum sambandsháða eða leiðslubundna manni

finnist ekki svo. Og hvort eru það þá ekki einungis hugmyndir misskilningsins, sem að væri óskiljanlegt? - Eins og öllum ætti að geta verið ljóst, þá er slíkt óskiljanlegt, að líkami, sem yfirgefinn hefði verið af sál sinni eða vitund, haldi áfram starfi sínu eins og ekkert hefði ískorist. Án sálar og vitundar ætti líkami manns að sjálfsögðu að vera óstarfhæfur. Og hvað mætti þá ekki einnig segja um það, að sál manns geti nokkru sinni verið fyrir utan líkama sinn? Í rauninni væri það á móta fráleitt og að tala um fallandi foss án vatns. Og hvað mætti ekki ennfremur segja um sumar hugmyndir vísindamanna, sem um stund voru þó taldar vera vísindi? Var hún t. d. nokkru sinni öðruvísi en óskiljanleg hugmyndin um ljósvaka eða eter, sem dultrúarmönnum var svo kærkomin, og hefði þurft til þess að geta verið það, sem honum var ætlað að vera, að vera hvorttveggja í senn, algjörlega þéttur og þá algjörlega mótstöðulaus? Og hver getur sagt annað en að hún sé líka í rauninni algjörlega óskiljanleg hin fjórða vídd, þetta athvarf dulrænunnar síðan eternum var hrundið, eða þá undirvitundar og draumtáknvísindi sálfræðinganna. Er í þeim fræðum nokkra raunverulega lausn að finna á gátum tilverunnar?

P. J.

ENDURKOMA BURDLÍKS.

Sambönd við Burdlík hafa legið niðri um nokkurt skeið, en á fundi, sem haldinn var 2. sept. með fáum mönnum, kom hann óvænt í samband og vissu þó báðir miðlarnir af honum áður en hann lét til sín heyra. Vera má að samþykktin um stofnun hugmyndadóms kvöldið áður, sem er jarðneskt framtak og frumkvæði, hafi greitt fyrir því að hann næði að gera vart við sig.

13. sept. náðust sambönd við tvo frumlífshnetti á sama fundi og hefur það ekki gerzt áður. Var annað við hjálpvænlegan hnött í stjarnfræðilegu nágreppi, sem náðst hefur samband við einu sinni áður, en hitt við Burdlík. Af hinum nýja frumlífshnetti er það sagt að þar séu menn komnir á framfaraleið, og séu þó bæði uppgötvun stjarnanna eftir hætti Brúnós og uppgötvun lífsambandsins tiltölulega nýlegar. Hefur þar verið hlaupið yfir ýmislegt ógott, sem hér á jörðu gerðist á milli Brúnós og Helga, og þó, sem ennþá betra er, yfir það sem hér hefur gerzt síðan 1920. Roskinn maður talaði í gegn, og sagði hann líf vera gott og batnandi, en í æsku sinni hefði verið byrjað að tala um hið mikla sambandsmál. Þar (hjá þeim) eru ekki slysin, sagði hann.

Einnig á hnetti Burdlíks virðist miða eitthvað í áttina. Spurt var hve margir hefðu bætzt í hreyfinguna á undanförunum mánuðum, hvort skipta mundu hundruðum? "Mun nema tug (manna)", var

svarað. Er það nokkuð líkt og hér og þó heldur betur. Svo var að skilja sem hreyfing hafði hafizt einnig víðar um landið en í þeirri borg einni, borginni við sæinn, þar sem Burdlík býr.

D. G.

Hugmyndadómur. Á félagsfundi Nýalssinna 1. sept. 1971 var samþykkt að veita formanni heimild til þess að nefna með sér "sex manns í dóm til að kynna sér og ræða einstakar hugmyndir og málefni sem upp koma í félaginu eða með þjóðinni. Dómendur skulu segja álit sitt á þeim málum, sem rædd eru í dómi, og verði þeir sammála, kallast niðurstaða þeirra Heimiskviður. Heimiskviður skal skráður, lagður fram á félagsfundi og birtur í næsta félagsblaði Nýalssinna."

Hugmyndadómur kom saman í fyrsta sinn 8. sept. í sambands- salnum, og var fyrst rætt um drauma, en síðan breytt um um- talsefni og rætt um lífshamingju. Af þeim umræðum varð sam- eiginleg niðurstaða, sem birt verður undir nafni Heimiskviðar. Í hugmyndadómi sátu þessi: Ingvar Agnarsson, Kjartan K. Norðdahl, Kjartan R. Kjartansson, Samúel D. Jónsson, Sveinn Haraldsson, Steingerður Þorsteinsdóttir, Þorsteinn Guðjónsson.

Orðið Heimiskviður. "Heimiskviður" er fornt orð, sem kemur fyrir í Sigrdrífumálum Eddu, 24. vísu, og þýðir augljóslega: álit glöggskyggna manna, sem líklegt er til að verða að almenn- ingsáliti. Meira býr þó í því en þetta eitt, og þótti dómendum 8. sept. sem sambandsómur væri í orðinu. Heimir í Hlymsdöl- um kom mönnum í hug, og er líklegt að réttir dómar hafi að fornu verið magnaðir þaðan, sem lífið hefur mjög sanna stefnu.

Hugmyndadómur kom saman í annað sinn 15. sept. var rætt um samband við framliðna og ýmis fyrirbæri, og að lokum gerð sam- þykkt sú sem birt verður. Minnt var á góða veðráttu og einnig á skaðlega mögnun á óhljómlaikum. Var talað um stilliáhrif í ýmsum samböndum.

Í hugmyndadómi sátu þessi: Guðrún Emilsdóttir, Jón Grímsson, Ragnar Þorsteinsson, Sigurður F. Ólafsson, Valdimar Guðlaugs- son, Þorsteinn Guðjónsson.

HEIMISKVIÐUR - 8. sept. 1971.

"Við lýsum yfir þeirri skoðun okkar, að mannkynið hér á jörð, konur og karlar, eigi að vera hamingjusamt. Öll óhamingja stafar af skorti á réttum samböndum."

HEIMISKVIÐUR - 15. sept. 1971.

Við lýsum yfir þeirri skoðun okkar, að samband við framliðna sé ekki aðeins leyfilegt, heldur sjálfsagt og nauðsynlegt, og við álit- um að slíkt samband sé raunverulegt.

Ingvar Agnarsson sagði frá þremur draumum fróðlegum og urðu um þá nokkrar umræður.

Ólafur Halldórsson flutti erindi er hann nefndi "Um samverund og þróun." Var því vel tekið og tóku formaður o.fl. til máls um sum atriði erindisins.

Formaður las úr bréfi frá Guðrúnu Eyjólfis, Gimli, Manitoba, sem óskar félaginu gleðilegs sumars og sendir því 50\$.

12 manns sátu fundinn.

Fundi slitið kl. 11.30.

Samúel D. Jónsson.

Um hugmyndadóm, eðli hans og framkvæmd. Mælt hefur verið til þess við mig, að ég geri nokkru nánari grein fyrir hugmyndadómi en fram kemur í fundarsamþykktinni, og er það tækifæri kærkomið. Fyrsta skilyrði þess að skilja hvað við er átt, er að gera sér grein fyrir því, að við erum hér stödd á útjaðri vitheims. Vizkan og réttlætið er það, sem einna sízt nær að magnast og fá framgang í slíkum stað sem jörðin er, en framfarir geta hér því aðeins orðið, að einhverjir nái því að beita sér fyrir þeim. Rétt hugsun og fylgi við hið rétta kemur í slíkum stöðum einna helst fram hjá þeim, sem í minnsta lagi hafa aðstöðu til áhrifa. Nú er til sá möguleiki, að verða samtaka um hið rétta, og slík tilraun vonum við að félagsstofnun okkar hafi verið á sínum tíma og sé enn. Áframhald þeirrar tilraunar gæti nú einmitt verið, að menn staðfestu einstakar skoðanir sínar með sameiginlegum dómi, en slíkt mætti aftur til þess verða að hinir einstöku þátttakendur ykjust að hugarafli fyrir samstillinguna um hið rétta. Rétt er að benda á, að þegar menn ganga til dóms, er enginn skyldugur til að samþykkja neitt nema það, sem hann sjálfur vill. Hver sem er af dómendum getur sett syn fyrir samþykkt, bjóði honum svo við að horfa.

Hver skipar í hugmyndadóm? Í fundarsamþykktinni frá 1. sept. s.l. er gert ráð fyrir því, að formaður skipi menn í dóm, en ekkert mælir á móti því, að hver sem er af lélagsmönnum taki að sér samskonar hlutverk, og kalli saman dóm eftir því sem honum sýnist. Það er ekki annað en sjálfsagður hlutur, að menn komi saman til að kveða á um skoðanir sínar.

Hvað verður um niðurstöðurnar? Langeðlilegast er að hugsa sér, að þær séu annarsvegar bornar undir hina almennu félagsfundi, og hinsvegar birtar í félagsblaðinu. Ekki er rétt að gera það að skilyrði, að fundarmeðferð fari á undan birtinu, því að slíkt skapar óþarfa seinangang og deyðir framtakið. Á félagsfundi gæti hver sem væri fundið að niðurstöðu ef honum fyndist ástæða til. En verði allir á eitt sáttir og komi engin andmæli fram, hefur málið þar með fengið fullan framgang innan félagsins.

Þorsteinn Guðjónsson.

Heimilisfang fyrsta ævifélaga okkar átti að vera (í apríl-heftinu): Ólafur Þórðarson, Öldugötu 27, Rvk., p.t. Reykjalundi.

ÍSLENZK STEFNA.

Töluverður munur er á því hvort menn láta fregnir af illum atburðum og hörmulegu framferði verða sér tilefni til harðra dóma um þá sem slíkt fremja, eða hvort þeir leita í huga sér hvort nokkurt ráð muni vera til að afstýra því líkum hlutum. Ég hef um langt skeið haft þá skoðun að í því að vera raunverulegur fylgjandi Nýals, hafa þann skilning sem þar er og fara eftir honum, væri falinn kraftur nokkur sem miklu mætti áorka. Sögð orð nýölsk megna meira en nokkur önnur, komist þau á framfæri. En af því að hafa þennan skilning leiðir óhjákvæmilega auknar áhyggjur af því sem gerist í málefnum jarðarinnar, þar sem því að vita leið til bjargar fylgir nokkur ábyrgð um að aðhafast.

Mjög hef ég óskað þess lengi að hernaðaratháfnir í Suðaustur-Asíu mættu þverra, en ég hef líka vitað að ekki var nóg að óska þess. Í júní 1970 lét ég af því verða, sem ég lengi hafði hikað við, að gera blaðið Interstellar sem verið hafði tilraun til fræðslu og útskýringa, að tilraun til áhrifa jafnframt. Þegar Bandaríkjamenn réðust inn í Kambodju, skipaði ég þeim í nafni almáttugs guðs að verða á brott þaðan. Sendi síðan blaðið í ýmsa staði Bdr., en alkunnugt er hve áhrifamikill sá formáli þykir í því landi. Þegar þetta gekk fram, bar ég það einnig fram, að hið sama ríki skyldi draga úr öllum hernaði á þeim slóðum, og þegar merki sáust þess, að slíkt kynni að verða, þótti mér sýnt að slíkar óskir, bornar fram án óvildar, megnuðu að hafa þau áhrif á aflsvæðið, að rás viðburðanna tæki breytta stefnu.

Hvað skyldi nú verða hugsað um það, sem hér er ritað? Ýmsum mun þykja það heldur ótrúlegt, að orð frá Íslandi megni slíkt. En sá efi stafar af því að menn gera sér ekki grein fyrir því hve máttugt afl sambandskenningin er í mannheimi. Meðan enginn hefur tók á að mótmæla hinu ranga með rökum og rétttri aðferð, megnar enginn að hemja það. En um leið og farið er að tala gegn því með krafti þeirrar sannfæringar, sem hin rétta heimspeki veitir, hjaðnar það og eyðist áður en nokkur veit af.

P. G.

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Félagsstjórn:

Þorsteinn Guðjónsson, Álfhólsvegi 121.	Sími 41006
Sigurður F. Ólafsson, Fálkanum	Sími 84670
Samúel D. Jónsson, Fossvogsbletti 13.	Sími 40383
Ingvar Agnarsson, Gúmmívínnustofunni	Sími 30688

Meðstjórnendur: Þorsteinn Jónsson, Úlfsstöðum (ritstjóri), Sveinbjörn Þorsteinsson, Skálholtsstíg 2, Haukur Matthíasson, Laufásvegi 25, Páll Steinarsson frá Hlíð, Egilsgötu 28.

Ritnefnd (auk ritstjóra):

Sveinn Haraldsson, Álfhólsvegi 121, Kóp.

Kjartan K. Norðdahl, Bólstaðahlíð 64, R.

Gunnar Grettisson, Rauðalæk 55, R.

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765.

Almennir félagsfundir þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. - Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.